

52. fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Fundargerð

Fundur haldinn fimmtudaginn 19. september 2024 kl. 14:30 að Garðvegi 1, Suðurnesjabæ.

Viðstaddir:

Berglind Kristjánsdóttir, fulltrúi Keilis

Guðmundur Grétar Karlsson, fulltrúi SSS

Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir, fulltrúi Suðurnesjabæjar

Sindri Gíslason, fulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands

Halldór Pálmar Halldórsson boðaði forföll. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

Dagskrá fundarins:

1. Fundir og uppákomur

Forstöðumaður sagði frá síðustu og komandi fundum og uppákomum, þar á meðal heimsóknum innlendra og erlendra skólahópa og vísindamanna, INTERACT hópa og stofnana og Menntaþingi fyrir grunnskólakennara sem setrið stóð fyrir í samstarfi við Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar um miðjan ágúst. Fundir sem starfsfólk setursins hefur sótt frá síðasta fundi eru til dæmis Ársfundur samtaka þekkingarsetra á Húsavík í lok ágúst, stjórnarfundir Reykjanes Geopark og stefnumótunarfundur FabLab Suðurnes.

2. Sumarið

Farið var yfir aðsókn gesta að sýningum á meðan sumaropnun stóð og heimsóknum skólahópa. Gestafjöldi var heldur minni en í fyrra, en það skýrist meðal annars af því að Safnahelgi á Suðurnesjum hefur ekki verið haldin. Sami fjöldi skóla heimsótti setrið en fjöldi nemenda var aðeins minni en í fyrra. Gistirými var fullnýtt í sumar af vísindamönnum og háskólanemum.

3. Samningsgerð við HVIN

Forstöðumaður sagði frá stöðu samningsgerðar HVIN við þekkingarsetrin. Nýjustu fréttir benda til þess að setrin fái send drög að nýjum samningum á næstu vikum og að gildistími þeirra verði þrjú ár. Óskað hefur verið eftir því að setrin fái sama tengilið innan ráðuneytisins og verður það að öllum líkindum þannig en óljóst hver það verður.

4. Starfsgreinakynningin

Forstöðumaður sagði frá undirbúningi starfsgreinakynningar fyrir grunnskólanemendur á Suðurnesjum sem er í fullum gangi en kynningin verður haldin fimmtudaginn 26. september frá kl. 9-12 í íþróttahúsinu í Keflavík. Þátttaka verður mjög góð og um 110 störf af ólíku tagi kynnt. Fjöldi nemenda sem sækja kynninguna verður á bilinu 800-900.

5. Önnur mál

- a) Samningur við HS Orku vegna þjónustuverkefnis kynntur stuttlega. Drög að samningi verða send á stjórn til yfirferðar.
- b) Eyðublað vegna prókúru forstöðumanns hjá Skattinum undirritað.
- c) Næsti stjórnarfundur verður fimmtudaginn 28. nóvember kl. 14:30.

Fundi var slitið kl. 15:45.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

Oddný Krístrún Ásgeirsdóttir - Sign

Sindri Gíslason - Sign

Berglind Kristjánsdóttir - Sign

Guðmundur Grétar Karlsson - Sign

Hanna María Kristjánsdóttir - Sign